

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1310**  
**komudagur 1.3.2012**

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012

Tilvísun: 2010080031 /

**Efni: Tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022. Þingskjal 534 - 393. mál.**

Skipulagsstofnun vísar til athugasemda sem stofnunin gerði við umhverfisskýrslu samgönguáætlunar 2011-2022 (SGÁ) í bréfi dags. 7. nóvember 2011. Á heimasíðu innanríkisráðuneytisins er hægt að nálgast endurskoðaða matskýrslu áætlunarinnar, þar sem m.a. eru viðbrögð ábyrgðaraðila áætlunarinnar við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

**Umhverfisskýrsla SGÁ**

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að við endanlega afgreiðslu áætlunarinnar sé tryggt að hliðsjón sé höfð af umhverfismati áætlunarinnar og viðbrögðum við athugasemdir sem bárust vegna hennar. Skipulagsstofnun beinir þeim tilmælum til nefndarsviðs Alþingis, að þegar óskað er umsagna um þingsályktunartillögur vegna áætlana sem eru háðar lögum um umhverfismat áætlana fylgi með rafrænni umsagnarbeiðni tengill á umhverfisskýrslu áætlunarinnar. Umhverfismat áætlunarinnar er hluti hennar og þarf því að vera aðgengilegt þeim sem koma að endanlegri afgreiðslu áætlunarinnar.

**Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur**

Skipulagsstofnun telur rétt að ítreka þá athugasemd stofnunarinnar sem hún hefur gert vegna mats á umhverfisáhrifum SGÁ og snýr að sjálfbærri þróun og telur þeim ekki hafi verið brugðist við þeim á fullnægjandi hátt.

Í umhverfisskýrslu SGÁ er lagt mat á hvaða áhrif þau fimm meginmarkmið sem sett eru fram á áætluninni munu hafa á umhverfi sitt. Helstu neikvæðu áhrif SGÁ verða skv. niðurstöðu í umhverfismati áætlunarinnar rask á náttúrufari (tafla 7.3. í endurskoðaðri umhverfisskýrslu).

Í umhverfisskýrslu kemur fram (kafla 7.6, bls. 30) að *”Þó að megin áhrif á náttúrufar kunni að vera vegna framkvæmda er í umhverfismati SGÁ mikilvægt að greina einnig frá áhrifum af stefnu SGÁ enda eru það stefnumið áætlunarinnar sem eru forsenda fyrir ákvörðun um framkvæmdir og forgangsröðun þeirra.”* Hér benda ábyrgðaraðilar samgönguáætlunar réttilega á að stefnumið áætlunarinnar séu forsenda ákvarðanatöku síðar meir og er það í samræmi við reynslu Skipulagsstofnunar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem hafa verið á forræði Vegagerðarinnar. Við slíkar framkvæmdir hefur Vegagerðin gjarna vísað til

stefnumiða samgönguáætlunar m.a. um styttingu vegalengda og ferðatíma og þessi stefnumið verið ákveðin réttlætning fyrir lagningu vega um vernduð eða viðkvæm svæði.

Á meðan ekki er að finna markmið í SGÁ sem vísar til þess að hverju beri að stefna þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir eða forgangsroðun þeirra út frá sjónarhorni náttúrunnar, fer náttúran halloka í umræðu um t.d. um valkosti. Slíkt gæti t.d. gert þegar valið stendur á milli tveggja kosta í vegalagningu, annars vegar stuttan veg, sem felur í sér þverun svæðis sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum en hins vegar lengri vegar sem hlífir verndarasvæðinu. Eins og áður er vísað til hér að framan eiga markmið SGÁ að nýtast sem forsenda um ákvarðanir og forgangsroðun. Í SGÁ er að finna markmið um „umhverfislega sjálfbærar samgöngur“ (sem horfa aðallega til vistvænni samgöngumáta) og „greiðar samgöngur“, en bæði þessi markmið væri hægt að nota til að réttlætta val styttri línunnar. Þar sem ekki er í SGÁ stefnumið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur í m.t.t. rasks á náttúrunni telur Skipulagsstofnun að sá hluti sjálfbærrar þróunar sem felur í sér að viðhalda gæðum náttúrunnar hafi minna vægi en aðrar stöðir sjálfbærrar þróunar hafa í áætluninni.

### **Stefnumörkun um samgöngur á hálendinu**

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022 er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu hálendisvega, þrátt fyrir það telur Skipulagsstofnun mikilvægt að samgönguáætlun taki á stefnumörkun um samgöngur á hálendinu. Skipulagsstofnun bendir í þessu samhengi að orkufyrirtæki fyrirhuga framkvæmdir í vegamálum fyrirhugaðar á miðhálendinu í tengslum við virkjanir og orkunýtingu og nú stendur yfir vinna á vegum umhverfisráðuneytis, Ávallt á vegi - Aðgerðir gegn akstri utan vega. Þá er verið að undirbúa stefnumótun um skipulagsmál á miðhálendi Íslands, m.a. um samgöngur, í væntanlegri landsskipulagsstefnu.

### **Afgreiðsla áætlunar**

Eftir endanlega afgreiðslu skulu eftirtalin gögn send Skipulagsstofnun sbr. 9. laga um umhverfismat áætlana og einnig f- lið 4 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

a. Endanleg áætlun.

b. Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið voru felld inn í áætlunina og hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.

c. Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.